

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum á Stöðvarfirði og Bakkaflóa.

#### 1. gr.

Frá kl. 20.00 þriðjudaginn 6. apríl 1993 til kl. 10.00 árdegis miðvikudaginn 21. apríl 1993, eru allar veiðar, nema grásleppuveiðar, bannaðar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Stöðvarfirði innan línu, sem dregin er úr Rastarhæl á Kambanesi í Landatanga.
- B. Á Finnafirði og Gunnólfsvík innan línu, sem dregin er úr Saurbæjartanga í Fossárós við Gunnólfsvíkurfjall.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

### um afnám línubanns á Breiðafirði.

#### 1. gr.

Frá og með 12. mars 1993 er felld úr gildi reglugerð nr. 3, 11. janúar 1993, um bann við línuveiðum á Breiðafirði.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.